



Borgarráð

Breyting á jafnlaunastefnu Reykjavíkurborgar.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki eftirfarandi breytingu á jafnlaunastefnu Reykjavíkurborgar, frá 26. september 2019:

Í þeim kafla stefnunnar sem ber yfirskriftina „Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar“, verði gerðar breytingar á 1. másl. 3. mgr. þannig að þar sem nú segir að sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs beri ábyrgð á jafnlaunakerfinu og að það standist lög og alþjóðlegar skuldbindingar varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla komi orðið „*kynjanna*“ í stað orðanna „*kvenna og karla*“.

Greinargerð

Samkvæmt nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, gilda jafnlaunareglur laganna nú ekki aðeins um karla og konur heldur einnig fólk með hlutlausa skráningu kyns. Rétt er að jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar fylgi þessari skilgreiningu laganna og er ofangreind tillaga, sem unnin var á vettvangi mannauðs- og starfsumhverfissviðs samkvæmt tillögu jafnlaunaneftdar borgarinnar, lögð fram á þeim grunni.

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs